

Lagakrókur

„Það gefur mér miklu meira að semja lög en að spila. Ég hef mjög gaman af að semja lög, fylgja því eftir á öllum vinnslustigum og sjá svo viðbrögðin þegar það er flutt.“

Þetta segir Guðmundur Jónsson, gítarleikari og aðallagahöfundur hljómsveitarinnar Sálín hans Jóns míns. Hann og félagar hans voru nú í vikunni að senda frá sér nýja plötu sem ber nafn hljómsveitarinnar.

„Þetta er tólf laga plata,“ segir hann. „Tíu þeirra eru eftir mig og tvö eftir Jens Hansson. Friðrik Sturluson á þrjá texta og hina samdi Stefán Hilmarrson. Ég kom með tuttugu lög í upphafi þegar við byrjuðum að undirbúa plötuna. Helminginn samdi ég síðasta vetur þegar við vorum í fríi. Hin voru bæði eldri og yngri. Það er gott að hafa úr nógu að velja. Þá er hægt að móta heildarmyndina strax.“

Guðmundur átti talsvert af lögum þegar Sálín hans Jóns míns var stofnuð. Flest voru þau þó í þyngri kantinum og samín undir áhrifum nýbylgjurokks. Nú er talsvert farið að ganga á innstæðuna enda hefur Sálín verið dugleg að senda frá sér lög, ýmist á eigin plötum eða safnplötum.

„Stíllinn hefur breyst með árunum,“ segir Guðmundur. „Lögín eru orðin léttari en fyrr. Þá lá við að maður væri rekinn úr hljómsveit-

um fyrir að koma með létt og auðgrípanlegt lag. Ég skammast mín ekkert fyrir að semja léttu tónlist. Það er hreint ekkert leiðinlegra heldur en hitt.“

Smellirnir

Guðmundur hefur sýnt það og sannað á liðnum árum að hann á auðvelt með að semja lög sem slá

Umsjón

Ásgeir Tómasson

í gegn. Nægir þar að nefna Neistann, Hvar er draumurinn?, Eltu mig uppi, Ábyggilega og Brostið hjarta. Og nú er að minnsta kosti enn einn smellurinn að bætast í safnið: Láttu mig vera af nýju plötunni.

„Ég sest aldrei niður til að semja „hít“ lag,“ segir Guðmundur. „Stundum liggur ekki fyrir hvaða lag er líklegt til vinsælda fyrr en búið er að útsetja, semja texta og jafnvel taka upp. Láttu mig vera var hins vegar valið snemma á nýju plötuna og þar með töldum við því máli bjargað og þurftum ekki að hafa frekari áhyggjur. Ég heyri til dæmis ekki nærri því allt af hvaða lag er líklegt til vinsælda



Sálín hans Jóns míns: Melóðían er í öndvegi.

og hvað ekki. Stefán er hins vegar naskur á að finna smellina. Ég átti til dæmis aldrei von á að Eltu mig uppi af plötunni Hvar er draumurinn? yrði vinsælt. Þar var annað sem ég var til í að veðja á, lagið Gefðu mér. Það vakti hins vegar enga athygli og við spilum það ekki lengur.

Ég get nefnt fleiri lög,“ heldur Guðmundur áfram. „Ég var til dæmis aldrei ánægður með Neistann og varð mjög hissa á að það lag

skyldi slá í gegn. Ég man þegar ég heyrði það á leikið á plötukynningu. Mér leið einfaldlega illa. Lagið var afleitt. En við spilum það mun betur nú en áður. Sum lög ná fluginu í hljóðversvinnslunni, önnur missa flugið. Maður getur aldrei sagt neitt fyrirfram um endanlegu útkomuna. En ég verð að játa að við vorum vissir um Láttu mig vera strax frá upphafi.“

Guðmundur færir undan því að spá um gengi annarra laga á nýju

plötunni. Segir þó að eftir að textinn við Færðu mér frið var kominn hafi lagið færst mjög í aukana. Einnig list honum vel á Gagntekinn eftir Jens.

Að kunna að hætta

En af hverju geta sumir samið lög sem hitta í mark og aðrir ekki? Hvað gerir lagahöfund góðan? Guðmundur Jónsson brosir að spurningunum og hugsar sig um.

„Málið er kannski það að vita hvenær maður á að hætta, átta sig á því hvenær nóg hefur verið verið gert við lagið,“ segir hann loks. „Sumum finnst einfaldlega ómerkilegt að semja einföld og grípanði lög. Það er fyrir neðan þeirra virðingu. Ég er ósammála þessu. Hjá okkur í Sálíni hans Jóns míns er melóðían í öndvegi. Núna erum við líka komnir í þá aðstöðu að geta leyft okkur ýmislegt. Við sömdum til dæmis Brostið blíða á nýju plötunni staðnum og létum allt vaða. Við erum meira að segja djassaðir í einum kafla lagsins! Á endanum varð það upphaldslag hljómsveitarinnar. Við reyndum að hafa nýju plötuna sem fjölbreyttasta. Blönduðum saman poppi, soul/fönki og rokki.“

Guðmundur semur á kassagítar, prófar sig áfram með hljóma og syngur með. Síðan getur nýtt lag spröttið út frá einum gítarfrasa.

„Annars er allur gangur á þessu,“ segir hann. „Ég get nefnt sem dæmi að lagið Ábyggilega varð til út frá löngu forspili lags með Bruce Springsteen. Eg fór að raula lagið með og þegar forspilinu lauk og kom að söngnum var byrjunin að nýju lagi komin hjá mér. Þegar ég samdi Láttu mig vera var ég að spila upphafstóna Doobie Brothers lagsins Long Train Running og fékk þá allt í einu hugmyndina að nýju lagi.“

Gott frí

Sálín hans Jóns míns tók ekki þátt í plötuslagnum fyrir síðustu jól. Liðsmenn hljómsveitarinnar ákváðu að hvíla sig yfir eina jóla-vertíð.

„Við vorum ekkert síður að hvíla hlustendur,“ segir Guðmundur Jónsson. „Þegar við erum að spilum við mikið, átta til tíu sinnum í mánuði. Síðastliðið sumar spiluðum við um allar helgar og vorum svo virka daga í hljóðveri við að vinna að nýju plötunni. Við erum einfaldlega svo mikið saman að það þarf ekki mikið að ganga á svo að allt sjóði upp úr. Einnig verðum við að gæta þess að ofgera ekki hlustendum. Markaðurinn er svo litill og við erum ákveðnir í að lifa af því að gera út á hann. Það þarf ekki að koma nema ein plata sem ekki verður vinsæl. Hún getur ríðið okkur að fullu. Því er vissara að fara varlega.“

Að sögn Guðmundar gerði síðasta vetur það að verkum að allir voru orðnir til í slaginn þegar hljómsveitin tók til starfa að nýju. Allir voru búnir að hlaða batteriín, ný lög urðu til í fríinu og þar af leiðandi kom Sálín frísk á dansleikjamaðarkanninn. Nú er keyrt á fullu og verður svo út árið. Jafnvel talsvert lengur.

„Við verðum að setjast niður fljótlega eftir áramótin og skipuleggja það sem við gerum á nýja árinu. Við verðum fyrst og fremst á Reykjavíkursvæðinu fram eftir vetri en skreppum að sjálfsgöðu út á land ef tækifæri býðst og veður leyfir. Ég sé ekki fram á annað en að það verði nóg að gera.“